

Úrdráttur úr bréfi Gísla Guðna Hall hrl. fyrir hönd umbjóðanda hans, Hannesar Smárásonar, til Helga Magnús Gunnarssonar, saksóknara efnahagsbrota, dags. 23. júní 2008.

### **Viðskipti með flugfélagið Sterling**

Í kröfu RLS til Héraðsdóms Reykjavíkur um heimild til húsleitar kemur fram að RLS hafi að sínu frumkvæði hafið rannsókn á meintu auðgunarbroti, nánar tiltekið broti gegn 249. gr. alm.hgl. vegna viðskipta FL Group tengdum flugfélaginu Sterling og meintu broti gegn ákvæði hlutafélagalaga um bann við tilteknum lánveitingum. Kaup FL Group á Sterling hlutu ítarlega fjölmiðlaumfjöllun á sínum tíma. Ekki fæst séð hvað veldur því að RLS tekur upp rannsókn á þeim nú, u.þ.b. fjórum árum síðar.

Hinn 1. nóvember 2005 var samþykkt á hluthafafundi í FL Group hf. að auka hlutafé FL Group um kr. 3.235.294.118, sem boðið var út á genginu 13,6. Ein af ástæðum þess að farið var í hlutafjárútbóðið voru kaup FL Group á Sterling. Kaupverð Sterling lá því fyrir á þessum tíma, sbr. einkum bls. 28 til 29 í útbóðslýsingu, sem gerð var vegna útbóðsins. Í útbóðinu var veruleg umfram eftirspurn. Ráðgert var að fagfjárfestar keyptu hlutafé fyrir 8 milljarða. Eftirspurn fagfjárfesta varð hins vegar 33,6 milljarðar.

### ***Kaup Sterling á meintu yfirverði á árinu 2005.***

Umbjóðandi minn hafnar því alfarið að kaup FL Group á Sterling hafi verið á yfirverði á árinu 2005. Reyndar er ekki að neinu leyti rökstutt í kröfu RLS hve hátt meint yfirverð hafi verið né hvað hafi verið „rétt“ verð fyrir Sterling á árinu 2005. Þá er ekki útskýrt hvernig viðskipti með hlutabréf getið verið refsiverð, þó hægt væri að færa rök fyrir því að verð í viðskiptum hafi verið hátt. Þátttaka í hlutafjárútbóðinu sýndi að markaðurinn tók þessum viðskiptum vel.

Stjórn FL Group hf. tók ákvörðun um kaupin á Sterling, en ekki umbjóðandi minn. Í kröfu RLS er það sérstaklega tilgreint að kaupin hafi verið ákveðin af stjórn félagsins hinn 21. október 2005. Umbjóðandi minn hafi undirritað kaupsamning um Sterling á grundvelli umboðs, sem honum var veitt af stjórn félagsins. Þá var umbjóðandi minn formaður stjórnar FL Group. Í skjóli þeirrar stöðu hafði hann enga aðstöðu til að binda fyrirtækið FL Group, né hafði hann fjárreiður félagsins á sinni hendi. Kaupin voru alfarið á ábyrgð stjórnar FL Group. Í beiðni RLS er ekki útskýrt hvort umbjóðandi minn hafi átti að auðgast, eða hvort hann hafi misfarið með umboðið, sem honum var veitt.

Árið 2005 var umbreytingarár í rekstri FL Group hf. Nýir eigendur komu að félaginu. Markmið nýrrar stjórnar var að stækka félagið og breikka rekstrargrundvöll þess. Hinn 1. nóvember 2005 var samþykkt að auka hlutafé FL Group hf. Í útboðslýsingunni voru viðskiptin með Sterling útskýrð ítarlega. Kaupin á Sterling voru ein af söluforsendum hlutafjárukningarinnar.

Á þeim tíma sem Sterling var keypt var FL Group næst stærsti hluthafi lággjaldaflugfélagsins Easy Jet með ca. 16,2% hlut í félaginu. Ein af hugmyndum FL Group með kaupum á Sterling var að sameina rekstur Sterling og Easy Jet, en með því hefði orðið til stærsta lággjaldaflugfélags í Evrópu.

Kaupverð Sterling var DKK 1.500.000.000 og var greitt með eftirfarandi hætti: DKK 1.100.000.000 var greitt í reiðufé við kaupin og DKK 400.000.000 voru greiddar með afhendingu hlutabréfa í FL Group hf., sem gefin voru út á genginu 13,6 í samræmi við útboð félagsins. Til grundvallar kaupunum lágu áætlanir Sterling um hagnað að fjárhæð DKK 345.000.000 á árinu 2006. Gerð var ítarleg skoðun af starfsmönnum FL Group á rekstri Sterling, sem m.a fól í sér að staðreyna áreiðanleika þeirrar rekstraráætlunar, sem félagið vann eftir.

Ef rekstrarárangur Sterling hefði gengið eftir hefði verðmæti hlutafjár Sterling getað orðið í kringum DKK 7 milljarðar séu sömu fjárhagslegu viðmiðanir notaðar og áttu við um verðmyndun t.a.m. Ryanair og Easy Jet á umræddum tíma, en bæði félögin voru verðlögð á bilinu 20-30 sinnum V/H hagnaður.

Kaupverð FL Group gat tekið breytingum, eftir rekstrarárangri Sterling á árinu 2006. Var samið með þeim hætti, þar sem kaupverð félagsins ákvarðaðist einkum út frá væntingum um rekstur þess. Ákvæði samningsins um kaupverðsbreytingar fólu í sér tvær breytur. Annars vegar þá að seljandi skuldbatt sig til að afhenda Sterling 1. janúar 2006 með handbæru fé að fjárhæð DKK 300.000.000 og vaxtaberandi skuldum að fjárhæð DKK 110.000.000. Hefði orðið breyting á þessu hefði seljandi þurft að bæta það krónu á móti krónu. Hin breytan var sú að kaupverð gat hækkað og lækkað um DKK 500.000.000 með þeim hætti að frávik frá EBITDA áætlun ársins 2006 (DKK 345 milljónir) skyldi margfaldað með 3,5 og kaupverðið taka breytingum til hækkunar eða lækkunar sem því næmi. Tilgreint kaupverð að fjárhæð DKK 1.500.000.000 eða ISK 14,7 milljarðar er því ekki rétt framsetning.

Viðskiptalegar forsendur lágu að baki kaupum FL Group á Sterling á árinu 2005. Kaupin voru ákveðin af stjórn FL Group, sem fer með æðsta vald félagsins á milli hluthafafunda. Allt hefur legið upp á borðinu um þessi viðskipti frá því þau voru gerð. Tilkynnt var um þau í Kauphöll í samræmi við reglur þar um.

Með viðskiptunum voru engin lög brotin. Heimfærsla á viðskiptunum undir 249. gr. alm.hgl. á ekki við rök að styðjast.

### ***Millifærsla FL Group á USD 46,5 milljónum til Kaupthing Bank Luxembourg S.A.***

Í kröfu RLS segir að rannsókn RLS beinist að meintu broti umbjóðanda míns á 104. gr. sbr. 2. tl. 1. mgr. 153. gr. hlfl. með lánveitingu FL Group til umbjóðanda míns að fjárhæð USD 46,5 milljónir. Á hluthafafundi FL Group hf., sem var haldinn 1. nóvember 2005 barst fyrirspurn til stjórnar félagsins þar sem óskað var eftir því að endurskoðendur FL Group upplýstu hvort rétt væri að þrjú milljarðar króna hafi verið fluttir af reikningum félagsins líkt og orðrómur hefði verið um. Á sama fundi var samþykkt að auka hlutafé félagsins um rúma þrjá milljarða, sem var selt á genginu 13,6, m.a. í tengslum við kaupin á Sterling. Gríðarleg umframeftirspurn varð eftir nýju hlutafé félagsins. Vegna fyrirspurnarinnar fól stjórn félagsins endurskoðanda þess að skoða málið. Niðurstöður endurskoðanda félagsins var að tilgreindir fjármunir hafi verið í ávöxtun fyrir FL Group og til afnota fyrir félagið á tímabilinu. Á aðalfundi FL Group árið 2006 var bókað eftir Jóni S. Helgasyni endurskoðanda félagsins, sem skoðaði allar stærri færslur félagsins í tilefni af fyrirspurninni, að: „Málum væri þannig háttað að töluverðir fjármunir væru í ávöxtun á hverjum tíma, en skemmst væri frá því að segja að allar útborganir félagsins hefðu skilað sér til baka með eðlilegri ávöxtun innan mislangs tíma og hann gæti staðfest að þar væru engar slíkar greiðslur“

Hvorki umbjóðandi minn né aðili honum tengdum var móttakandi fjármunanna. Fyrir því liggja skjálleg gögn auk þess sem fyrirspurn hefur verið svarað á aðalfundi félagsins af endurskoðanda þess. Umbjóðandi minn var ekki með prókúru fyrir bankareikninga félagsins, né hafði hann fjárreiður félagsins á hendi. Færsla á fjármunum milli bankareikninga í eigu félagsins sjálfs getur ekki verið ólögæt lánveiting til umbjóðanda míns.

## **FI Fjárfestingar ehf., kt. 640398-2489, áður Fjárfestingarfélagið Primus ehf.**

*Færslur á viðskiptareikning FI fjárfestinga ehf.*

Í kröfu RLS segir að við rannsókn SRS hafi komið ljós að færður hafi verið kostnaður á viðskiptamannareikning umbjóðanda míns hjá FL Group, sem virðist vera einkakostnaður hans hinn 1. febrúar 2007, samtals kr. 17.406.564. Þessi kostnaður sé síðan kreditfærður á viðskiptamannareikning umbjóðanda míns og debetfærður á viðskiptamannareikning FI fjárfestinga ehf. Grunur leiki á því að FI fjárfestingar hafi greitt persónulegan kostnað umbjóðanda míns að sömu fjárhæð.

Þetta mál verður ekki skoðað nema í samhengi við kröfur umbjóðanda míns á hendur FI Fjárfestingum ehf. Umbjóðandi minn átti fleiri hundruð milljón króna kröfu á hendur FI Fjárfestingum. Greiðslan kom til lækkunar á kröfum umbjóðanda míns á hendur FI Fjárfestingum ehf. Hið sama á við um greiðslu FI Fjárfestinga til FL Group hf. frá sama tíma að fjárhæð € 369.975. Umbjóðandi minn hefur aldrei staðið í skuld við FI Fjárfestingar. Hvorki var því um að ræða ólögmetta lánveitingu til umbjóðanda míns eða að félagið hafi greitt persónulegan kostnað fyrir hann.

### **II.3. Fjölнисvegur 9 ehf.**

Krafa RLS bendir til þess að RLS rannsaki tvö atriði í tengslum við það félag. Annars vegar hvort umbjóðandi minn hafi talið fram húsnæðishlunnindi eða greitt leigu vegna búsetu sinnar á Fjölнисvegi 11 og hins vegar hvort fasteignirnar að Fjölнисvegi 9 og 11 hafi verið seldar undir markaðsverði til tengdra aðila. Verður nú vikið að hvoru atriðanna fyrir sig.

#### *II.3.1. Húsnæðishlunnindi.*

Umbjóðandi minn greiddi leigu, sem svaraði til 7% af fasteignamatsverði beggja húsanna. Þessi reikniregla var rífleg, en í reglum ríkisskattstjóra er miðað við 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis.

#### *II.3.2. Sala Fjölнисvegar 9 og 11.*

Fasteignirnar voru seldar umbjóðanda mínum og Unni Sigurðardóttur, sambýliskonu hans, á árinu 2007. Kaupverð miðaðist við bókfært verð eignanna, sem var umfram markaðsverð eignanna.

## I. Niðurlag

Allt bendir til þess að rannsókn RLS hafi farið af stað án þess að nægilegra gagna hafi verið aflað. Með þeim gögnum sem fylgja með bréfi þessu ásamt þeim útskýringum sem koma fram í því er ekki hægt að segja að enn sé til staðar grunur um refsivert athæfi, sem er forsenda þess að sakamálarannsókn sé framhaldið. Öll rannsóknartilvik RLS, sem voru forsenda þess að krafa um húsleit var tekin til greina hafa verið hrakin.

Þrátt fyrir að umbjóðandi minn hafi ekki verið í forsvari fyrir umrædd félög og hafi þar með ekki borið ábyrgð á færslu bókhalds þeirra eða skattskilum, veit hann ekki betur en að öll umsvif hans hér á landi og annars staðar hafi ávallt verið í samræmi við lög hverju sinni, bókhald félaga á hans vegum hafi verið rétt fært og ársreikningar og skattskil gerð í samræmi við lög.

Með vísan til alls þess sem hefur verið rakið í bréfinu og meðfylgjandi gagna er gerð sú krafa að málið verði fellt niður.